



Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. september 2022  
2209245/0.4.1


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (afglæpavæðing vörslu neysluskammta), 5. mál.**

Embætti landlæknis þakkar tækifæri til að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Afstaða embættis landlæknis er að nálgast skuli málefni þeirra sem eiga í vanda vegna notkunar eða misnotkunar vímuefna fyrst og fremst sem heilbrigðisvanda. Um leið vill embættið undirstrika það mat sitt að breytingar á málaflokknum kalla á heildræna nálgun og samráð um víðtæka, samhæfða og heildræna stefnu um málaflokkinn. Þá ítrekar embættið að erfitt geti verið að einblína á einstakar aðgerðir án þess að sérstaklega sé fjallað um mat á áhrifum, bæði tilætluðum og óvæntum, bæði á einstaklinga með ávana- og fíknivanda sem og samfélagið í heild. Mikilvægt er að huga vel að þeim áhrifum sem þær breytinga sem hér eru lagðar til gætu haft svo hægt sé að leggja mat þar á.

Embættið bendir á að þegar er starfandi starfshópur á vegum heilbrigðisráðherra sem er að skoða og vinna að frumvarpi um afglæpavæðingu vörslu neysluskammta. Embætti landlæknis á fulltrúa í þeim starfshópi og telur að starfshópurinn eigi að fá tækifæri til að ljúka vinnu áður en frumvarp er lagt fram.

Embættið leggur til að breytingar verði innleiddar sem hluti af opinberri stefnu um málaflokkinn, þá annað hvort í uppfærðri *Stefnu í áfengis- og vímuefnum* (rann út 2020) eða í nýrri stefnu. Þá leggur embættið til að skipaður verði hópur sérfræðinga sem fer á víðtækan hátt yfir málaflokkinn og skili af sér tillögum um aðgerðir eða heildrænni stefnu þar sem fram kemur ítarleg aðgerðaáætlun sem tekur til allra þátta vímuefnavandans; forvörnum, meðferð og samfélagslegri aðlögun.

Virðingarfyllt,

  
Kjartan Hreinn Njálsson  
aðstoðarmaður landlæknis